

Þau tóku við menningarverðlaunum Dagblaðsins & Vísis, frá vinstri: Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Jón Þórisson, sem tók við verðlaunum fyrir Útlagann, Birna Björnsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Anna Rögnvaldsdóttir, eiginkona Hjalta Rögnvaldssonar. Verðlaunagripirnir eru eftir Sigrúnu Guðjónsdóttur.

## Menningarverðlaun Dagblaðsins og Vísis:

# Viðurkenningar í sex listgreinum

**Menningarverðlaun Dagblaðsins og Vísis fyrir árið 1981 voru afhent sl. fimmtudag og er það í fjórða sinn sem slíkar viðurkenningar eru veittar listamönnum. Í dómnefnd sátu m.a.: Ólafur Jónsson bókmenntagagnrýnandi, Rannveig G. Ágústsdóttir framkvæmdastj. Rithöfundasambandsins og Andrés Kristjánsson ritstjóri.**

Verðlaun hlutu eftirtalin: Bókmenntaviðurkenningu Vilborg Dagbjartsdóttir skáldkona fyrir endurútgáfu fyrri ljóðmæla sinna og ljóð, sem ekki hafa komið út áður; tónlistarverðlaun hlaut Árni Kristjánsson píanóleikari fyrir tónleika sína á liðnu ári; myndlistarverðlaun hlaut Ásgerður Búadóttir vefari fyrir myndlist sína; leiklistarverðlaun hlaut Hjalti Rögnvaldsson leikari fyrir hlutverk sitt í Húsi skáldsins; kvikmyndaverðlaun hlaut kvikmyndin Útlaginn og verðlaun vegna byggingarlistar hlaut Birna Björnsdóttir innanhúsarkitekt fyrir biðskýli er hún hannaði fyrir SVR.

# Leiðrétting

Í TEXTA og myndatexta í frétt um togarann Viðey sl. föstudag, þar sem Arinbjörn Sigurðsson var með dótturdóttur sinni, Lilju Sigurgeirsdóttur, var hann af misgáningi nefndur Arnbjörn. Er hann beðinn velvirðingar á þessum mistökum.

Við bjóðum henni í mat

á konudaginn, eiginmaðurinn eða unnustinn greiðir fyrir sig og aðra úr fjölskyldunni.

Matseðill 21. febrúar

*Humarsúpa*
*Hörpuskelfiskur Provencale kr. 69,-*
*Djúpsteikur fiskur með tartarsósu kr. 58,-*
*Gratineraðir sjávarréttir kr. 64,-*
*Londonlamb með rjómasveppasósu kr. 84,-*
*Lambalæri Bernaise kr. 79,-*
*Grísasnitsel með rauðkáli kr. 82,-*
*Kalt Roast beef með kartöflusalati kr. 76,-*

PEPSI

7up

GOSBRUNNURINN
Veitingahús
Laugavegi 116. Sími: 10312.
Birgir Viðar
Matreiðslumeistari

*Barnakrókur og teiknimyndir allan daginn*

Alaska
Breiðholti

VANTAR ÞIG VINNU
VANTAR ÞIG FÓLK ?

ÞÚ AUGLÝSIR UM ALLT LAND ÞEGAR ÞÚ AUGLÝSIR Í MORGUNBLAÐINU

*Látið blómin tala á konudaginn*

